

## Frumvarp til laga

um breytingu á útvarpslögum, lögum um Ríkisútvarpið og lögum um tekjuskatt og eignar-  
skatt.

Flm.: Pétur H. Blöndal, Birgir Ármannsson, Sigurður Kári Kristjánsson.

### Breyting á útvarpslögum, nr. 53/2000.

1. gr.

Í stað „14. gr.“ í a-lið 1. mgr. 5. gr. laganna kemur: 19. gr.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

- a. Orðin „nema annað sé sérstaklega ákveðið í lögum, sbr. lög um Ríkisútvarpið“ í lok 1. mgr. falla brott.
- b. Í stað „IX. kafla.“ í d-lið 4. mgr. kemur: X. kafla.
- c. Í stað „7. gr.“ í 2. másl. 5. mgr. kemur: 12. gr.
- d. Í stað „10. gr.“ í 2. másl. 5. mgr. kemur: 15. gr.

3. gr.

Á eftir 6. gr. laganna kemur nýr kafli, IV. kafli, **Útvarpsráð**, með fimm nýjum greinum, svohljóðandi, og breytist tölusetning greina og kafla samkvæmt því:

a. (7. gr.)

#### *Útvarpsráð.*

Útvarpsráð skipa sjö menn. Skulu þeir, ásamt jafnmörgum varamönnum, kosnir hlutfalls-  
kosningu á Alþingi eftir hverjar alþingiskosningar. Menntamálaráðherra skipar formann og  
varaformann úr hópi hinna kjörnu útvarpsráðsmanna.

b. (8. gr.)

#### *Skyldur útvarpsráðs.*

Útvarpsráð annast útvarp í samræmi við ákvæði laga þessara. Það skal sjá til þess að  
a.m.k. ein hljóðvarpsdagskrá og ein sjónvarpsdagskrá verði send út til landsins alls og næstu  
miða árið um kring.

Útvarpsráð skal tryggja að dagskrár þessar nái til allra íbúa landsins og að þær lúti ákvæð-  
um 18. gr. um öryggi og almannaheill.

Útvarpsráði er heimilt að sjá til þess að hljóðvarpað sé til annarra landa.

Dagskrár skv. 1. mgr. skulu m.a. fela í sér almenna fréttáþjónustu og starfrækja vettvang  
fyrir mismunandi skoðanir á þeim málum sem efst eru á baugi hverju sinni eða varða almenn-  
ing. Þær skulu innihalda fjölbreytt skemmtiefni við hæfi fólks á öllum aldri og þess skal gætt  
sérstaklega að á boðstólum sé fjölbreytt efni við hæfi barna, jafnt í hljóðvarpi og sjónvarpi.  
Enn fremur skal m.a. vera á dagskrá efni á sviði lista og bókmennta, vísinda og sögu auk

tónlistar. Veita skal almenna fræðslu og sjá til þess að send sé út fræðsludagskrá í samráði við fræðslufirvöld og gera sjálfstæða dagskrárþætti er snerta Ísland eða Íslendinga sérstaklega.

Efni sem sent er út skv. 4. mgr. skal miða við fjölbreytni íslensks þjóðlífs. Lögð skal sérstök rækt við íslenska tungu, sögu þjóðarinnar og menningararfleifð. Veitt skal öll sú þjónusta sem unnt er með tækni útvarpsins og þjóðinni má að gagni koma.

Tryggt skal að frumflutt dagskrárefni sem kostað er af útvarpsráði verði varðveitt til fram-búðar.

Útvarpsráð skal árlega gera starfs- og fjárhagsáætlun fyrir næsta ár skv. 2. mgr. 10. gr.

c. (9. gr.)

#### *Útboðsskylda.*

Útvarpsráð skal bjóða út skipulag starfs síns, gæðaeftirlit og gerð og rekstur einstakra þátta þeirrar hljóðvarps- og sjónvarpsdagskrár sem það er ábyrgt fyrir samkvæmt ákvæðum 8. gr. Enn fremur skal það bjóða út útsendingu, dreifingu og öryggisþjónustu.

Útvarpsráð skal skilgreina einstaka þætti dagskráanna, gera kröfulýsingu og setja gæðastaðla.

Útboðin skulu vera til þriggja ára lengst. Við útboðin skal farið eftir lögum um framkvæmd útboða. Útvarpsráð skal fylgjast með framkvæmd útboða og leggja mat á gæði þeirra. Fyrir liggja hver á höfundarrétt hverju sinni.

d. (10. gr.)

#### *Fjárhagur.*

Kostnaður við störf útvarpsráðs og útboð þeirrar dagskrár sem það er ábyrgt fyrir er greiddur af ríkissjóði samkvæmt fjárlögum.

Menntamálaráðherra gerir árlega tillögur um fjárveitingar á grundvelli fjárhags- og starfsáætlunar útvarpsráðs.

Þeim sem taka að sér gerð, framkvæmd og útsendingu hljóðvarps- og sjónvarpsdagskrár skv. 9. gr. er heimilt að afla annarra tekna í samræmi við ákvæði VI. kafla laga þessara um tekjustofna útvarpsstöðva.

e. (11. gr.)

Að öðru leyti en segir í kafla þessum gilda ákvæði V. kafla um skyldur útvarpsstöðva.

4. gr.

Í stað „1. mgr. 7. gr.“ í lokamálslið 2. mgr. 8. gr. laganna, sem verður 13. gr., kemur: 1. mgr. 12. gr.

5. gr.

1. másl. 9. gr. laganna, sem verður 14. gr., verður svohljóðandi: Útvarpsstöðvar skulu í öllu starfi sínu halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur og mannréttindi og frelsi til orðs og skoðana.

6. gr.

Í stað „2. mgr. 7. gr.“ í 1. másl. 1. mgr. 10. gr. laganna, sem verður 15. gr., kemur: 2. mgr. 12. gr.

## 7. gr.

Í stað „9. og 11. gr.“ í fyrirsögn og 1. mgr. 12. gr., sem verður 17. gr., kemur: 14. gr. og 16. gr.

## 8. gr.

Í stað „19. gr.“ í 2. másl. 1. mgr. 18. gr. laganna, sem verður 23. gr., kemur: 24. gr.

## 9. gr.

Í stað „18. gr.“ í 2. másl. 2. mgr. 19. gr. laganna, sem verður 24. gr., kemur: 23. gr.

## 10. gr.

Í stað „26. gr.“ í 1. mgr. 27. gr. laganna, sem verður 32. gr., kemur: 31. gr.

## 11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 28. gr. laganna, sem verður 33. gr.:

- a. Í stað „1. mgr. 8. gr.“ í b-lið 1. mgr. kemur: 1. mgr. 13. gr.
- b. Í stað „13. gr.“ í c-lið 1. mgr. kemur: 18. gr.
- c. Í stað „1. mgr. 14. gr.“ og „2. mgr. 14. gr.“ í d-lið 1. mgr. kemur: 1. mgr. 19. gr., og: 2. mgr. 19. gr.
- d. Í stað „23. gr.“ í e-lið 1. mgr. kemur: 28. gr.
- e. Í stað „24. gr.“ í f-lið 1. mgr. kemur: 29. gr.
- f. Í stað „25. gr.“ í g-lið 1. mgr. kemur: 30. gr.
- g. Í stað „1. mgr. 27. gr.“ í h-lið 1. mgr. kemur: 1. mgr. 32. gr.
- h. Í stað „32. gr.“ í i-lið 1. mgr. kemur: 37. gr.
- i. Í stað „33. gr.“ í j-lið 1. mgr. kemur: 38. gr.

## 12. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 29. gr. laganna, sem verður 34. gr.:

- a. Í stað „33. gr.“ í 1. másl. 1. mgr. kemur: 38. gr.
- b. Í stað „32. gr.“ í 2. mgr. kemur: 37. gr.

## 13. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 30. gr. laganna, sem verður 35. gr.:

- a. Í stað „9. og 11. gr. og VI. kafla“ í 1. másl. 1. mgr. kemur: 14. og 16. gr. og VII. kafla.
- b. Í stað „VI. kafla“ í 2. másl. 2. mgr. kemur: VII. kafla.

## 14. gr.

Síðari málsliður 3. mgr. 34. gr. laganna, sem verður 39. gr., fellur brott.

## 15. gr.

Í stað „I–IV. kafla“ í 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða kemur: I.–III. kafla og V. kafla.

## 16. gr.

Við lögina bætast þrjú ný ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

**I.****Stofnun hlutafélags um rekstur Ríkisútvarpsins.**

Stofna skal hlutafélag um rekstur Ríkisútvarpsins 1. júlí 2004. Hlutverk félagsins er að

annast þá starfsemi sem Ríkisútvarpið hefur haft með höndum. Ríkissjóður leggur allar eignir, réttindi, skuldir og skuldbindingar Ríkisútvarpsins til hlutafélagsins.

Við gildistöku laga þessara skipar menntamálaráðherra þriggja manna nefnd sem annast undirbúning og nauðsynlegar aðgerðir vegna stofnunar hlutafélags skv. 1. mgr. Nefndin undirbýr löggæringa er varða stofnun hlutafélagsins og fyrirhugaða starfsemi og aflar nauðsynlegra leyfa til útvarpsrekstrar í umboði menntamálaráðherra og í samráði við útvarpsráð. Löggæringar þessir skulu hljóta staðfestingu hlutaðeigandi aðila. Menntamálaráðherra setur nefndinni erindisbréf. Stjórnendur og starfsmenn Ríkisútvarpsins skulu veita nefndarmönnum nauðsynlega aðstoð.

Útvarpsráð skal skilgreina verkefni sem því ber að vinna samkvæmt lögum þessum og semja fjárhagsáætlun til að standa undir þeim verkefnum tímanlega fyrir afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 2005. Skal því heimilt að ráða sérfræðinga til þess verks að undangengnu útboði ef þörf er á.

Hinn 1. janúar 2005 tekur Ríkisútvarpið hf. við rekstri og starfsemi Ríkisútvarpsins og skal Ríkisútvarpið þá lagt niður. Þrátt fyrir ákvæði 8. gr. skal starfandi útvarpsráð gera samning við Ríkisútvarpið hf. um rekstur dagskrár skv. 8. gr. sem hér segir: Á árinu 2005 fyrir allar fjárveitingar ríkisins skv. 10. gr., á árinu 2006 fyrir  $\frac{2}{3}$  fjárveitinganna og á árinu 2007 fyrir  $\frac{1}{3}$  fjárveitinganna. Enn fremur skal útvarpsráð fyrir hönd ríkissjóðs gera samning við Ríkisútvarpið hf. um innheimtu ógreiddra útvarpsgjalda út árið 2008 í samræmi við 15., 17. og 18. gr. laga nr. 122/2000, um Ríkisútvarpið.

## II.

### Hlutafé, hlutir og meðferð hlutafjár.

Við stofnun skal allt hlutafé vera í eigu ríkissjóðs. Menntamálaráðherra ákveður heildarfjárhæð hlutafjár við stofnun. Skal við það miðað að heildarfjárhæð hlutafjár sé eigi hærrí en sem nemur eigin fé Ríkisútvarpsins við stofnun. Ráðherra skipar sér til ráðuneytis nefnd þriggja manna til að leggja mat á heildarfjárhæð stofnhlutafjár. Menntamálaráðherra setur nefndinni erindisbréf.

Stefnt skal að sölu hlutafjár ríkissjóðs fyrir 1. janúar 2005 og skulu starfsmenn hafa forkaupsrétt á allt að 50% hlutafjár á gengi sem er 30% hagstæðara en aðrir greiða enda taki þeir við starfi hjá Ríkisútvarpinu hf. skv. 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða III. Forkaupsrétturinn skal vera í hlutfalli við launagreiðslur árið 2004. Ákvæði 2. mgr. 14. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, gildir ekki um innborgun hlutafjár í Ríkisútvarpinu hf. Ákvæði 2. mgr. 3. gr., 1. mgr. 20. gr. og 2. tölul. 1. mgr. 107. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, gilda ekki um tölu stofnenda og fjölda hluthafa í Ríkisútvarpinu hf.

## III.

### Réttindi starfsmanna.

Allir starfsmenn Ríkisútvarpsins, sem fá laun samkvæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna eða kjarasamningum annarra stéttarféлага, skulu eiga kost á sambærilegu starfi hjá Ríkisútvarpinu hf. við yfirtöku þess á rekstri Ríkisútvarpsins.

Maður sem gegnir starfi hjá Ríkisútvarpinu og tekur við starfi hjá Ríkisútvarpinu hf. skal njóta sömu réttinda og hann hafði samkvæmt kjarasamningum og/eða ráðningarsamningum. Réttur hans til launa hjá Ríkisútvarpinu fellur niður er hann tekur við starfinu.

Um biðlaunarétt, sem kann að hafa fylgt störfum hjá Ríkisútvarpinu, gilda ákvæði laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Ríkissjóður ber ábyrgð á skuldbindingum Ríkisútvarpsins gagnvart Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins sem verða til vegna starfsmanna Ríkisútvarpsins áður en rekstur þess er yfirtekinn af Ríkisútvarpinu hf. Hið sama gildir um aðrar lífeyrisskuldbindingar.

Ríkissjóður ber ekki ábyrgð á skuldbindingum Ríkisútvarpsins hf. umfram það sem kveðið er á um í lögum þessum og í hlutafélagalögum.

Allur kostnaður af stofnun hlutafélags og yfirtöku þess á rekstri Ríkisútvarpsins greiðist af Ríkisútvarpinu hf.

**Breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt.**

17. gr.

Í stað „321.900 kr.“ í 1 mgr. 67. gr. A laganna kemur: 309.900 kr.

**Breyting á lögum nr. 122/2000, um Ríkisútvarpið.**

18. gr.

Lög nr. 122/2000, um Ríkisútvarpið, falla úr gildi 1. janúar 2005. Þó skulu ákvæði 15., 17. og 18. gr. þeirra laga halda gildi sínu til 31. desember 2008.

19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Frumvarp sama efnis var flutt á 127. þingi. Við samningu þess naut flutningsmaður aðstoðar nefndasviðs Alþingis. Ábendingar bárust þá frá Hauki Erni Birgissyni laganema, Hafsteini Þór Haukssyni laganema, Péttri Árna Jónssyni laganema og Ragnari Jónassyni lögfræðingi. Frumvarpið er nú endurflutt nokkuð breytt, sérstaklega er varðar útvarpsgjaldið sem fyrirhugað er að falli niður en í stað þess verði persónufrádráttur lækkaður samsvarandi.

Megininntak frumvarps þessa er:

*Útvarpsgjaldið aflagt.* Með frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að lög um Ríkisútvarpið, nr. 122/2000, falli úr gildi 1. janúar 2005 og þar með væri skylduáskrift landsmanna að fjölmiðlum lokið. Í staðinn verði persónuafsláttur í staðgreiðslu og við álagningu tekjuskatts lækkaður um 1.000 kr. á mánuði eða 12.000 kr. á ári, en það er talið gefa ríkissjóði sömu tekjur og Ríkisútvarpið hefur af innheimtu útvarpsgjalds að frádregnum kostnaði við innheimtu útvarpsgjaldsins. Þessi breyting kemur vel við alla skattþegna nema þá sem ekki eiga viðtæki og greiða hækkaðan tekjuskatt, þá sem ekki hafa greitt þó að þeir eigi að greiða og svo fjölskyldur með þrjá eða fleiri skattgreiðendur. Þetta er rökstutt ítarlega í athugasemdum við 17. gr.

*Útvarpsráð fær fjárveitingar á fjárlögum.* Það fé sem lækkun persónuafsláttar gefur ríkissjóði í auknar tekjur og svarar til tekna af útvarpsgjaldi verði veitt til útvarpsráðs með fjárveitingum frá Alþingi.

*Einkavæðing RÚV.* Með frumvarpi þessu er lagt til að lög nr. 122/2000, um Ríkisútvarpið, verði felld úr gildi 1. janúar 2005, en nánar tilgreind ákvæði þeirra verði tekin upp í útvarpslög, nr. 53/2000. Stofnað verði hlutafélag um rekstur Ríkisútvarpsins og það selt. Starfsmenn halda starfi sínu hjá hlutafélaginu, þeir sem þess óska og njóta þá forgangs um kaup á hlutafé í því á lækkuðu verði. Réttindi þeirra verði tryggð. RÚV njóti forgangs til verkefna fyrstu þrjú árin.

*Breyting á starfi útvarpsráðs.* Útvarpsráð verði tilnefnt af Alþingi og því verði ætlað að standa vörð um íslenska menningu og íslenska dagskrágerð sem hingað til. Því verði áfram

ætlað að tryggja dreifingu útvarpsefnis til allrar þjóðarinnar og tryggja öryggi þjóðarinnar. En í stað þess að stjórna stofnun, sem framkvæmir þau markmið, sem ríkisvaldið hugðist ná fram með rekstri Ríkisútvarpsins fær útvarpsráð fjármuni til að bjóða út gerð, framkvæmd og útsendingu dagskrár sem hefur nákvæmlega sömu markmið. Til viðbótar skal útvarpsráð skilgreina eiginleika einstakra þátta dagskrárinnar og koma á gæðaeftirliti með þeim. Það er nýmæli, sem einnig er heimilt að bjóða út.

Nái frumvarpið fram að ganga verður útvarpsráði skylt að bjóða út þá dagskrá sem það er ábyrgt fyrir og skal það hafa til þess fjárveitingu sem ákveðin verður á fjárlögum ár hvert. Allar útvarpsstöðvar geti boðið í verkefni þar á meðal Ríkisútvarpið hf.

Gert er ráð fyrir því í frumvarpinu að bætt verði við útvarpslögin sérstökum kafla sem beri heitið Útvarpsráð og þar verði að finna ákvæðin sem gerð er grein fyrir hér að framan.

Í lögum nr. 122/2000 kemur fram að Ríkisútvarpið skuli:

1. leggja rækt við íslenska tungu, sögu þjóðarinnar og menningararfleifð,
2. gæta lýðræðislegra grundvallarreglna og málfrelsis,
3. flytja óhlutdrægar fréttir og skoðanaskipti,
4. flytja skemmtiefni, sérstaklega fyrir börn,
5. útvarpa lista- og menningarefni og veita almenna fræðslu,
6. tryggja öllum landsmönnum aðgang að efni sínu,
7. gegna öryggishlutverki á hættutímum.

### **Rök fyrir frumvarpinu.**

#### **Ríkisrekstur.**

Helstu röksemdir fyrir frumvarpinu eru þær að óþarft virðist að ríkið standi í útvarpsrekstri, gerð þátta, útsendingu, uppbyggingu dreifikerfis og innheimtu útvarpsgjalds til þess að ná fram þeim markmiðum sem Ríkisútvarpinu eru sett. Þeim er öllum hægt að ná með útboðum þar sem allar útvarpsstöðvar, sem bolmagn hafa, keppa um að bjóða bæði góðar og hagkvæmar lausnir á þessum markmiðum. Enn fremur gætu leikhús og leikhópar, kórar og söngvarar, kvikmyndagerðarfólk og annað listafólk og fjölmiðlafólk blandað sér í leikinn. Þannig yrði samkeppnin virk og einstakir aðilar gætu sérhæft sig á ákveðnum sviðum, t.d. í gerð barnaefnis. Hægt yrði að koma á gæðaeftirliti og eftirliti með framkvæmd sem erfitt er um vik við núverandi aðstæður þegar sami aðilinn hefur alla þessa þætti á einni hendi. Þarf ekki að fara í grafötur með því lík lyftistöng útboð í þessum mæli yrði íslenskri menningu um allt land. Þessi breyting mundi skapa jafnræði á milli þeirra aðila, sem keppa á markaði um gerð, framkvæmd og útsendingu útvarpsefnis. Samkeppnin og gæðaeftirlitið mundi stuðla að betra útvarpsefni og styrkja íslenska menningu.

Það er enn fremur umhugsunarefni hvers vegna ríkið á að standa í þessum rekstri fjölmiðlunar. Hvers vegna gefur það ekki út ríkisdagblað, ríkistímarit, ríkisbækur, gerir ríkiskvikmyndir og ríkispopptónlist og leggur undir sig netið sem sameinar þetta allt? Það er nýverið búið að hlutafélagavæða ríkissimann og flestir virðast sammála um að selja hann úr ríkiseigu. Þetta frumvarp fylgir þeirri þróun.

#### **Innlend dagskrágerð.**

Þegar útvarpsráð býður út verkefni samkvæmt ákvæðum frumvarps þessa er við því að búast að stærri hluti fjármagnsins fari til innlendra dagskrágerðar en nú. Það væri ekki í anda þessa frumvarps að útvarpsráð ráðstafaði fjármunum úr ríkissjóði til kaupa á erlendu barnaefni eða til kaupa á dýrum erlendum íþróttaviðburðum þegar litið er til markmiða frumvarpsins. Slíkt yrðu útvarpsstöðvar að fjármagna með auglýsingum eða afnotagjöldum af

læstri dagskrá. Þannig má búast við að innlend dagskrárgerð eflist og dafni, sérstaklega þegar hún verður að keppa um verkefniin.

### Læst dagskrá.

Rök mæla með því og móti að dagskrá á vegum útvarpsráðs verði í læstri útsendingu. Rökin með því eru að landslýður hefur alla tíð þurft að greiða fyrir dagskrá Ríkisútvarpsins. Einungis þurfi að tryggja að almenningur hafi möguleika til að kaupa sér aðgang að dagskránni. Hins vegar má segja að þegar flestir greiði til útvarpsráðs með lækkun persónuafsláttar eigi þeir rétt á að fá efnið sem þeir eru búnir að „greiða“ fyrir ókeypis. Þetta eru sjónarmið sem útvarpsráð mun þurfa að taka mið af en það er augljóst að tilboð verða mikið lægri í útsendingu og jafnvel gerð dagskrárefnis ef útsendingin er læst.

### Starfsmenn.

Í frumvarpinu er gætt sérstaklega að hagsmunum starfsmanna. Þeir halda öllum réttindum sínum á sama hátt og gert var þegar ríkisbankarnir voru hlutafjárnæddir og einkavæddir. Þá njóta starfsmenn forgangskaupréttar að hlutafé í nýju fyrirtæki á lægra verði en aðrir enda taki þeir við starfi hjá því. Þannig er tekið mið af því að starfsmenn eru veigamesta eign Ríkisútvarpsins og án þeirra hefur það enga reynslu eða þekkingu og hefur ekkert virði umfram nýstofnað fyrirtæki. Fyrir starfsmenn hlýtur enn fremur að vega þungt að þeir starfi ekki lengur í skjóli skylduaðildar heldur á grundvelli færni sinnar og mikilla hæfileika.

Margir starfsmenn Ríkisútvarpsins starfa sem verktakar. Enn fremur hafa aðilar utan Ríkisútvarpsins framleitt dagskrárefni fyrir það. Má í því sambandi benda á tengslin við Sinfóníuhljómsveit Íslands og Íslenska dansflokkinn. Þannig er fordæmi fyrir þeirri breytingu sem hér er lögð til nema miðað er við að útboð sé ætíð viðhaft og gefur það fleirum kost á að spreyta sig og eykur fjölbreytni menningarlífsins.

Í útvarpslögum er ákvæði um að útvarpsstöðvum sé skylt að láta lesa endurgjaldslaus tilkynningar frá almannavörnum, löggæslu, slysavarnafélögum eða hjálparsveitum og gera hlé á dagskrá ef brýna nauðsyn ber til og almannaheill krefst. Sú röksemdafærsla að Ríkisútvarpið sé öryggistæki þjóðarinnar er fallin um sjálfa sig þar sem berlega hefur komið í ljós á síðustu árum að hún á ekki við rök að styðjast. Nægir hér að nefna Suðurlandsskjálftana í júní 2000 og atvik þegar utanaðkomandi aðili náði að slökkva á Ríkisútvarpinu án þess að nokkur gerði athugasemdir við ferðir hans.

### Útvarpsgjaldið.

Skylduáskrift að Ríkisútvarpinu hefur runnið sitt skeið á enda. Hún skekkir allan markaðinn og kemur í veg fyrir eðlilega samkeppni. Það er fráleitt að skylda fólk til að greiða áskrift til aðila A þegar það ætlar að kaupa eða jafnvel ná ókeypis í þjónustu hjá aðila B. Vilji unglingur, sem nýfluttur er að heiman og býr einn í herbergi, nýta sér ókeypis dagskrá Skjás 1 verður hann að greiða til Ríkisútvarpsins, sem hann hefur kannski engan áhuga á. Þegar öryggisrökin eru auk þess ekki lengur til staðar er fráleitt að skylda landsmenn til þess að borga af dagskrá sem þeir hafa e.t.v. engan áhuga á að færa sér í nyt. Útvarpsgjaldið er þess vegna trauðla þjónustugjald heldur nokkurs konar nefskattur. Sem skattur stingur þetta gjald mjög í stúf við aðra skatta sem með réttu eða röngu eru sniðnir að greiðslugetu fólks. Þessi skattur er mjög ófélagslegur því að allir verða að greiða hann óháð tekjum eða greiðslugetu. Gjaldið er umtalsverður hluti af launum lágtekjufólks en hátekjufólk munar lítið um að greiða þennan skatt.

Það má svo velta upp þeirri spurningu hvort heimilt sé að framselja skattlagningar- og álagningarvaldið með þessum hætti eftir breytingu á 77. gr. stjórnarskrárinnar 1995.

Útvarpsgjaldið er núna 2.408 kr. á mánuði fyrir hverja fjölskyldu eða 28.896 kr. á ári. Það kemur sérstaklega illa við einstaklinga sem hafa lágar tekjur og búa einir. Það kemur betur við heimili þar sem fyrirvinnur eru tvær en best kemur það við heimili með mörgum fyrirvinnum, t.d. hjón með tvö fullorðin fullvinnandi börn og góðar tekjur. Með frumvarpi þessu er aðstöðumunurinn minnkaður með því að persónufrádráttur einstaklings er lækkaður um 1.000 kr. á mánuði, 12.000 kr. á ári á móti niðurfellingu útvarpsgjalds. Þetta á að gefa ríkissjóði sömu tekjur og veitt yrði til útvarpsráðs en bætir stöðu einstaklingsins um 17 þús. kr. á ári, hjónin græða 5 þús. kr. en fjölskyldur með margar fyrirvinnur þurfa að greiða meira. Þær fjölskyldur sem vegna tekjuleysis greiða enga skatta koma best frá þessari breytingu því að þær spara allt útvarpsgjaldið. Sama gildir um fyrirtæki. Þeir sem hvorki eiga sjónvarp né útvarp þurfa hins vegar að greiða meira nú og einnig þeir sem hafa svikist um að greiða útvarpsgjald. Núverandi fyrirkomulag þar sem einstæð móðir með þrjú börn, ein fyrirvinna, borgar það sama fyrir sjónvarpið og hjón með tvo fullorðin börn, öll fullvinnandi, er í hæsta máta ósanngjarnt.

Innheimta útvarpsgjaldsins er svo kapituli út af fyrir sig. Smásmugulegt eftirlit með viðskiptum einstaklinga sín á milli og spurningar um hvar hver sefur eru ekki í takt við tímann og minna á lögregluríki eða sovétskipulag. Á heimasíðu RÚV kemur eftirfarandi fram undir liðnum tækjaleit: „Tækjaleitin fer þannig fram að öllum þeim sem ekki eru á skrá með viðtæki, og eru ekki tengdir með fjölskyldunúmeri við annan greiðanda, eru send fyrirspurnarbréf. Berist ekki svar við fyrirspurn afnotadeildarinnar fer tækjaleitarfólk á staðinn og spyr um viðtæki á heimilinu. Í flestum tilvikum er tekið vel á móti tækjaleitarfólkinu en komi sú staða upp að rökstuddur grunur er um að tæki sé á heimilinu en heimilisfólk neitar því og vill þess utan ekki sýna fram á að heimilið sé tækjalaust verður tæki skráð á heimilið og gíróseðlar sendir fyrir afnotagjöldunum.“

Í álitum umboðsmanns Alþingis í máli nr. 1757/1996 segir: „Þá tel ég, að í þeim tilvikum, er maður neitar að vera eigandi eða vörslumaður viðtækis, sem nýta má til móttöku á útsendingum Ríkisútvarpsins, og neitar jafnframt að sýna starfsmönnum innheimtudeildar Ríkisútvarpsins fram á það, en starfsmennirnir hafa engu að síður rökstuddan grun um, að á heimilinu sé slíkt tæki að finna, geti innheimtudeildin allt að einu beint kröfu um greiðslu útvarpsgjalds að þeim einstaklingi, sem í hlut á, og látið reyna á réttmæti kröfunnar, eftir atvikum fyrir dómi.“

Í Bretlandi og Danmörku sleppa fæstir við greiðslu afnotagjalda eða 5–6%. Framkvæmd tækjaleitar og viðurlög eru önnur og strangari í þessum löndum en á Íslandi, þar sem talið er að um 9% notenda sleppi við að greiða afnotagjald. Bretar með sitt heimsfræga BBC eru til dæmis mjög framarlega í notkun leitartækja og því komast fáir hjá að greiða afnotagjald í Bretlandi. Finnar hafa nýlega tekið upp hertar reglur og beita sektum þannig að þegar þeir finnast sem ekki greiða afnotagjald í Finnlandi þurfa þeir að greiða tvöfalt afnotagjald auk sektar fyrir þann tíma sem þeir hafa vanrækt greiðslu. Þá má nefna að í Danmörku er kerfið þannig að hlaðist upp skuld hjá greiðanda afnotagjalda er hún send til gjaldheimtunnar dönsku sem tekur síðan fyrir skuldinni beint af launum fólks, rétt einsog skatturinn gerir hér á landi.

Hér þarf borgarinn að hleypa ókunnu fólki inn á heimili sitt og sanna þannig að hann eigi ekki tæki. Ella getur hann þurft að sanna það fyrir dómi að hann sé ekki sekur um að eiga tæki. Þetta gengur gegn þeirri reglu að fólk sé saklaust nema sekt þess sé sönnuð.



### **Samkeppni.**

Þar sem Ríkisútvarpið hf. og aðrar útvarpsstöðvar fengju greitt fyrir þau verkefni, sem þau hlutu í útboði, sem nemur nokkurn veginn núverandi útvarpsgjaldi, gæti það þýtt að áskrift að sjónvarpsstöðvum ætti að lækka í verði eða dagskrá stöðvanna að batna. Samkeppni ætti einnig að stuðla að betra og ódýrara efni.

Undanfarið hafa frjálsar útvarpsstöðvar sem verða að lifa á auglýsingatekjum, stundum jafnvel án áskriftargjalda, kvartað undan samkeppninni við „stóra bróður“ sem í krafti skylduaðildar og ríkisábyrgðar er sagður undirbjóða auglýsingar. Þessi „samkeppni“ verður sérstaklega sársaukafull þegar harðnar á dalnum í efnahagslífinu og auglýsingamarkaðurinn dregst saman. Umræðan hefur snúist um þá lausn að Ríkisútvarpinu verði bannað að taka þátt í auglýsingamarkaðnum og fái í staðinn fé á fjárlögum. Þetta óttast auglýsendur af því að samkeppnin minnkar þegar einn aðili hverfur af markaði. Í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir að Ríkisútvarpið verði sjálfstæður óháður aðili á markaði sem eftir hæfilega aðlögun, þrjú ár, þarf að standa sig í samkeppninni, m.a. um verkefni frá útvarpsráði.

### **Netið.**

Stórfelldar tæknibreytingar hafa dunið yfir þjóðina á síðustu fimm árum. Netnotkun er orðin mjög almenn og þar getur fólk fylgst með dagskrá sjónvarps og hljóðvarps á mismunandi tímum, sem hentar hverjum og einum. Þar er hægt að kaupa, leigja eða njóta ókeypis bæði tónlistar og kvikmynda og reyndar er einnig hægt að lesa nýjustu fréttir dagblaða og jafnvel heilu bækurnar og njóta nánast allra tegunda fjölmiðlunar alls staðar að úr heiminum. Ekki verður hægt að setja afnotagjald á þennan miðil þar sem hann er í eðli sínu ókeypis. Vandí Ríkisútvarpsins sem og annarra útvarpsstöðva mun vaxa þegar mynd- og tóngæði þessara netmiðla hefur batnað en þróunin er afar ör í þá veru um þessar mundir.

### **Ríkisrekstur.**

Rekstur Ríkisútvarpsins líður fyrir þá annmarka sem há ríkisrekstri almennt. Ekki er hægt að gera vel við afburðastarfsmenn og þeir fara annað eða missa móðinn. Stjórnendur standa ekki og falla með ákvörðunum sínum og bera ekki fjárhagslega ábyrgð. Þegar reksturinn er gagnrýndur er alltaf borið við skorti á fjárveitingum eða of lágu afnotagjaldi; viðbáurur sem neytanda koma ekkert við í einkarekstri.

### **Meningarmótun.**

Útvarpsráð og Ríkisútvarpið hafa alla tíð verið í forustu í mótun menningar og lista. Það hefur jafnvel verið ljóst og leynt markmið sumra sem setið hafa í útvarpsráði eða verið forustumenn á Ríkisútvarpinu að ala þjóðina upp í „góðri“ menningu að þeirra mati. Þetta var mjög áberandi um miðbik síðustu aldar. Sumir hafa gagnrýnt að menningu sé stýrt þannig ofan frá og bent á að menning sé í víðasta skilningi allt það sem menn stunda, hvort sem það er „hámenning“ eins og símfóníur eða „lágmenning“ eins og „popp-hljómleikar“ svo dæmi sé tekið af tónlist. Annað hefur verið stórlega styrkt af ríki og sveitarfélögum, hitt ekki. Þessi stýring lýsir vanmati á getu einstaklingsins til að skapa sér menningu út frá eigin forsendum eða hreinlega stjórnunar-, forsjár- og valdatilburðum ríkisvaldsins, enda eru ríkisfjölmiðlar mikilvæg tæki í einræðisríkjum og frjáls fjölmiðlun eitur í beinum slíkra valdhafa.

Ekki er ætlunin að hverfa alveg frá þessari stýringu á menningu samkvæmt þessu frumvarpi en hún er milduð í þeim skilningi að sami aðilinn mundi ekki bæði taka ákvörðun um hvaða menningar og hvernig fréttu þjóðin á að njóta og sjá svo um framkvæmdina á því

hvernig það er gert. Mikilvægi þessarar stýringar hefur reyndar dvínað verulega eftir að Ríkisútvarpið fékk samkeppni og brást við henni t.d. með Rás 2.

### Lausn.

Sú lausn sem hér er stungið upp á leysir öll framangreind vandamál. Aðilum fækkar ekki á útvarpsmarkaði því að Ríkisútvarpið verður verðugur þátttakandi en samkeppnin verður tryggð með útboðum á þeim verkefnum sem Ríkisútvarpið hefur séð um í tímans rás. Útvarpsráð mun áfram sjá um að að þessum verkefnum verði sinnt. Samkeppni er sömuleiðis tryggð á auglýsingamarkaði þar sem keppendum fækkar ekki.

### Hlutverk útvarpsráðs.

Hlutverk hins nýja útvarpsráðs yrði í meginatriðum þetta: Útvarpsráð skilgreinir afmarkað dagskrárefni, t.d. barnaefni (kvikmyndir, leikrit, tónlist, viðtalsþætti, fræðsluefni, spurningakeppni o.s.frv.). Það setur upp tímaramma og gæðastaðla. Svo eru einstakir þættir boðnir út. Sumir eru boðnir út einu sinni, t.d. ákveðið leikrit. Aðrir þættir, t.d. framhaldsþættir, eru boðnir út til lengst þriggja ára.

Útvarpsráð skilgreini enn fremur hvað felst í útsendingu og dreifingu efnis um allt land. Í það geta aðilar boðið sem sérhæfa sig á því sviði. Ný stafræn tækni mun gera þessa þætti bæði miklu ódýrari og auðveldari til útboðs en nú. Um þessa dreifileið verði dagskrárnar sendar.

Þá þarf útvarpsráð að skilgreina hvað felst í öryggishlutverki þess. Það felst væntanlega í því að einhver útvarpsstöð sendir út allan sólarhringinn um fyrrgreint dreifinet, er í nánnum tengslum við almannavarnakerfið, er reiðubúin til að rjúfa dagskrá sína hvenær sem er og kynnir hlutverk sitt ítarlega fyrir almenningi.

Útvarpsráð skilgreini hvaða gæði skuli nást á einstökum útboðspáttum og hvernig fylgst sé með að þeim gæðum sé náð.

Eðlilegt er að útvarpsráð bjóði einnig út það starf sem nefnt er hér að framan, þ.e. að skilgreina ýmsa þætti dagskrár, gerð gæðaeftirlits og eftirfylgni.

#### *Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Hér er breytt tilvísun í samræmi við þær breytingar sem lagðar eru til.

Um 2. gr.

Hér er felld úr lögum undanþága fyrir Ríkisútvarpið um að það þurfi ekki að fá leyfi útvarpsréttarnefndar til útvarps. Eðlilegt er að hið nýja hlutafélag, Ríkisútvarpið hf., þurfi að sækja um slíkt leyfi eins og aðrar útvarpsstöðvar.

Enn fremur er breytt tilvísunum í samræmi við þær breytingar sem lagðar eru til.

Um 3. gr.

Gert er ráð fyrir því að nýr kafli með fimm nýjum greinum, 7.–11. gr., sem hafi fyrirsögnina Útvarpsráð, verði tekinn upp í lögin.

A-liður (7. gr.) hefur að geyma ákvæði um að sjö manna útvarpsráð verði kosið af Alþingi með nákvæmlega sama hætti og segir í 1. mgr. 7. gr. núgildandi laga um Ríkisútvarpið og menntamálaráðherra skipi formann og varaformann sem hingað til.

Engin breyting verður því á skipan útvarpsráðs heldur breytist hlutverk þess þannig að í

stað þess að stýra stofnun sem sér um framkvæmd þeirra markmiða sem löggjafinn hefur sett sér býður útvarpsráð þessa framkvæmd út, sjá b- og c-liði hér á eftir.

Í b-lið (8. gr.) er taldar upp skyldur útvarpsráðs.

Í 1. mgr. segir að útvarpsráð annist útvarp í samræmi við ákvæði laga þessara. Núna annast Ríkisútvarpið, sjálfstæð stofnun, þetta hlutverk undir stjórn útvarpsráðs skv. 1. mgr. 1. gr. Hlutverk útvarpsráðs breytist því úr því að vera stjórn yfir Ríkisútvarpinu og sjá þannig um rekstur í það að sjá um útboð á öllum þeim rekstri sem Ríkisútvarpið annast núna.

Útvarpsráð á að sjá til þess að a.m.k. ein hljóðvarpsdagskrá og ein sjónvarpsdagskrá verði sendar út til landsins alls og næstu miða árið um kring. Ekki er kveðið á um að þessar dagskrár verði endilega sendar út hjá sama fyrirtæki allt árið eða allan daginn en þó verður að telja eðlilegt að útboðum verði þannig hagað að auðvelt verði fyrir landsmenn að finna dagskrárnar. Þetta er óbreytt frá gildandi lögum (1. mgr. 4. gr.) nema hér er kveðið á um að hljóðvarpsrásin verði ein í stað tveggja.

Í 2. mgr. segir að útvarpsráð eigi að sjá til þess að dagskrárnar nái til allra íbúa landsins. Þetta ákvæði er óbreytt frá 1. mgr. 4. gr. gildandi laga nema þar segir að senda eigi út til alls landsins. Framkvæmd þessa ákvæðis er ætlað að verða eins og hingað til eða nærri 100%. Enn fremur er áréttað að gætt sé ákvæða 18. gr. um öryggi og almannaeill.

Í 3. mgr. er óbreytt ákvæði 3. mgr. 4. gr. gildandi laga um að útvarpsráði sé heimilt að sjá til þess að hljóðvarpað sé til annarra landa.

Í 4. mgr. eru tekin upp ákvæði 3. og 4. mgr. 3. gr. laganna auk ákvæða 7. mgr. 4. gr., um fræðsluútvarp, nema nú segir að útvarpsráð skuli sjá til þess að dagskrárnar verði sendar út og fari eftir þessum ákvæðum en Ríkisútvarpið undir stjórn útvarpsráðs hefur séð um framkvæmdina á þessum ákvæðum.

Í 5. mgr. segir að útvarpsráð skuli miða við fjölbreytni íslensks þjóðlífs og að það skuli standa vörð um íslenska tungu, sögu þjóðarinnar og menningararfleifð. Þetta er óbreytt frá 1. og 4. mgr. 3. gr. gildandi laga en útvarpsráði er ekki jafnframt ætlað að standa í rekstri til þess að sinna þessu hlutverki heldur á það með útboðum að sjá um að þessu hlutverki sé sinnt.

Í 6. mgr. segir að útvarpsráð tryggi að dagskrárefni sem það kostar verði varðveitt til fram-búðar. Það er í samræmi við 1. mgr. 5. gr. gildandi laga en þó er sterkar að orði kveðið því nú skal varðveislan tryggð en ekki stuðlað að því að efnið verði varðveitt.

Í 7. mgr. er kveðið á um að útvarpsráð geri árlega starfs- og fjárhagsáætlun fyrir næsta ár en þetta hefur verið verkefni útvarpsstjóra samkvæmt 1. mgr. 6. gr. gildandi laga.

Í 1. mgr. c-liðar (9. gr.) er gert ráð fyrir að útvarpsráð bjóði út gerð, rekstur, öryggisþátt og útsendingu þeirrar hljóðvarps- og sjónvarpsdagskrár sem það er ábyrgt fyrir að send verði út samkvæmt ákvæðum kaflans auk þess að bjóða út skipulag starfsemi sinnar og gæðaeftirlit með einstökum þáttum.

Í 2. mgr. segir enn fremur að útvarpsráð eigi að skilgreina einstaka þætti dagskránna, gera lýsingu á kröfum sem gera skal til hvers þáttar og setja staðla um gæði þáttanna. Síðustu tvö atriðin eru nauðsynleg nýmæli til að hægt sé að beita gæðaeftirliti. Starf útvarpsráðs við að skipuleggja starf sitt og skilgreina þætti dagskránna, kröfur og gæðastaðla á jafnframt að bjóða út.

Í 3. mgr. er tekið fram að útboð verði ekki til lengri tíma en þriggja ára. Það er gert til að raunveruleg samkeppni myndist á þessu sviði og nýir aðilar geti tekið þátt í útboðum. Það er nýmæli að útvarpsráð skuli fylgjast með útboðum og leggja mat á gæði einstakra dagskrár-liða. Þá er kveðið á um að við öll útboð liggji fyrir hvernig höfundarrétti sé háttáð, hvort hann liggur hjá einstaklingnum, sem vinnur verkið, fyrirtækinu sem hann vinnur hjá og fékk verkið

á grundvelli útboðs eða verkkaupa, þ.e. útvarpsráði. Áskilnaður um höfundarrétt ætti að hafa mikil áhrif á fjárhæð tilboða enda um eign að ræða.

1. mgr. d-liðar (10. gr.) segir að útvarpsráð fái fjárveitingu frá ríkinu til þess að standa undir kostnaði við útboð á dagskránum. Lagt er til að með útboðum verði tryggð samkeppni og möguleiki til gæðaeftirlits og eftirfylgni. Útvarpsráð mun því koma fram sem nokkurs konar framkvæmdastjórn útvarps.

Samkvæmt 2. mgr. á menntamálaráðherra að óska eftir fjárveitingu frá Alþingi á grundvelli áætlunar sem útvarpsráð gerir eða lætur gera í útboði.

Í 3. mgr. er kveðið skýrt á um að þeir sem bjóða í og fá verkefni samkvæmt þessum kafla þurfi ekki að sinna því verkefni einu saman heldur geti þeir aflað annarra tekna jafnframt, t.d. auglýsingatekna eða áskriftartekna. Þannig má búast við að hægt verði að fá hagkvæmari tilboð en ella.

Í e-lið (11. gr.) er ítrekað að allt starf útvarpsráðs og þeirra sem tilboð gera í verkefni þess verði að hlíta almennum reglum útvarpslaga.

Um 4. gr.

Hér er breytt tilvísunum í samræmi við þær breytingar, sem lagðar eru til.

Um 5. gr.

Hér er hnykkð á ákvæði 2. mgr. 3. gr. gildandi laga um Ríkisútvarpið, nr. 122/2000, sem segir að halda skuli í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur, mannréttindi og frelsi til orðs og skoðana. Sleppt er ákvæði um að gætt skuli fyllstu óhlutdrægni í frásögn, túlkun og dag-skrárgerð. Slíkt gæti stundum reynst erfitt, t.d. þegar lýsa á landsleik.

Eðlilegt er að ákvæði þessa efnis eigi við um allar útvarpsstöðvar samkvæmt útvarpslögum. Ákvæði um tjáningarfrelsi er þegar til staðar í 2. másl. 9. gr. útvarpslaga, nr. 53/2000, og því ekki ástæða til að fjalla nánar um það.

Um 6.–13. gr.

Hér er breytt tilvísunum í samræmi við þær breytingar, sem lagðar eru til.

Um 14. gr.

Hér er felld brott tilvísun í lögbundið útvarpsleyfi Ríkisútvarpsins þar sem það verður ekki lengur til staðar nái frumvarpið fram að ganga.

Um 15. gr.

Hér er breytt tilvísun í samræmi við þær breytingar, sem lagðar eru til.

Um 16. gr.

Bráðabirgðaákvæði frumvarpsins eru sniðin eftir ákvæðum I., II. og III. kafla laga um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, nr. 50/1997. Þau fjalla um stofnun hlutafélags um rekstur Ríkisútvarpsins 1. júlí 2004, upphæð hlutafjár, hluti og meðferð hlutafjár og réttindi starfsmanna. Hlutabréfin verða í umsjá fjármálaráðherra í samræmi við 2. tölul. 5. gr. reglugerðar um Stjórnarráð Íslands þar til þau verða seld en það skal gert fyrir 1. janúar 2005.

Í ákvæði til bráðabirgða I segir að stofna skuli hlutafélag, Ríkisútvarpið hf., um rekstur Ríkisútvarpsins 1. júlí 2004. Gert er ráð fyrir að menntamálaráðherra skipi nefnd sem annist undirbúning og nauðsynlegar aðgerðir vegna stofnunar hlutafélagsins. Enn fremur er gert ráð

fyrir að Ríkisútvarpið hf. annist alla þá starfsemi, sem Ríkisútvarpið hefur haft með höndum, það taki við öllum eignum, réttindum, skuldum og skuldbindingum Ríkisútvarpsins 1. janúar 2005.

Útvarpsráð skilgreini verkefni sín samkvæmt frumvarpi þessu og semji fjárhagsáætlun til að standa undir þeim og sækji tímanlega um fjárveitingu til menntamálaráðuneytis til að standa straum af þeim á árinu 2005. Þetta starf er útvarpsráði heimilt að bjóða út. Gert er ráð fyrir að hið nýja hlutafélag, Ríkisútvarpið hf. taki við rekstri og starfsemi Ríkisútvarpsins 1. janúar 2005 og þá verði Ríkisútvarpið lagt niður.

Gert er ráð fyrir að Ríkisútvarpið hf. fái sem tannfé einkaleyfi fyrstu árin sem deyr út á þremur árum þ.e. 100% fyrsta árið, 66,7% annað árið og 33,3% þriðja árið. Ríkisútvarpið hf. verður að keppa um verkefni útvarpsráðs eins og önnur útvarps- og dagskrárgerðarfélög að öðru leyti.

Í ákvæði til bráðabirgða II er sagt fyrir um fjárhæð hlutafjár í fyrirhuguðu hlutafélagi og hver og hvernig það skuli ákvarðað. Allt hlutaféð verði upphaflega í eigu ríkisins en stefnt skuli að sölu þess alls fyrir árslok 2004 og starfsfólk, sem ákveður að starfa áfram hjá Ríkisútvarpinu hf. njóti ákveðins forgangs og afsláttarkjara við kaup á hlutafé. Þeir fái 30% afslátt umfram aðra og eigi kauprétt á helmingi hlutafjár á þeim kjörum í hlutfalli við laun sín hjá stofnuninni og hlutafélaginu á árinu 2004. Þá eru ákvæði um að ekki þurfi að uppfylla viss skilyrði hlutafjárlaga eins og gert var við hlutafjávæðingu bankanna.

Í ákvæði til bráðabirgða III eru réttindi starfsmanna Ríkisútvarpsins tryggð við yfirtöku Ríkisútvarpsins hf. á stofnuninni. Allir starfsmenn Ríkisútvarpsins sem fá laun samkvæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna eða kjarasamningum annarra stéttarféлага skulu eiga kost á sambærilegu starfi hjá Ríkisútvarpinu hf. og þeir eiga að halda öllum réttindum samkvæmt ráðningar- eða kjarasamningum. Einnig eru ákvæði um lífeyrisréttindi og biðlaunarétt. Fram kemur að ríkissjóður beri ábyrgð á lífeyrisskuldbindingum gagnvart Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins.

Ríkissjóður ber að öðru leyti ekki ábyrgð á hinu nýja hlutafélagi nema með hlutafé sínu. Kostnaður við stofnun hlutafélagsins verði greiddur af því.

#### Um 17. gr.

Hér er lagt til að persónuafsláttur verði lækkaður um 1.000 kr. á mánuði eða 12.000 kr. á ári en útvarpsgjaldið fellur niður 1. janúar 2005.

Útvarpsgjald er núna 2.408 kr. á mánuði eða 28.896 kr. á ári. fyrir hvert heimili. Öryrkjar og ellilífeyrisþegar fá 20% afslátt og greiða því 1.926 kr. á mánuði. Ýmsar stofnanir fá 50% afslátt af aukasjónvarpstækjum. Fram kemur á heimasíðu Ríkisútvarpsins að 9,1% þeirra sem eiga að greiða útvarpsgjald geri það ekki.

Lauslegir útreikningar sýna ef persónuafsláttur yrði lækkaður um 1.000 kr. á mánuði eða 12.000 kr. á ári gæfi það ríkissjóði sömu tekjur og útvarpsgjaldið skilar Ríkisútvarpinu að teknu tilliti til innheimtukostnaðar. Ekki er talið að kostnaður við innheimtu staðgreiðslu eða tekjuskatts mundi aukast við þessar breytingar.

Þessi lækkun á persónuafslætti samhlíða niðurfellingu á útvarpsgjaldi kemur þannig út eftir fjölskyldumynstri:

Einstaklingar og einstæðir foreldrar, sem greiða útvarpsgjald, standa mun betur en nú af því að þeir fá 1.000 kr. minni persónuafslátt en þurfa ekki að greiða 2.408 kr. útvarpsgjald. Þetta á líka við örorku- og ellilífeyrisþega, sem greiða 1.926 kr. í útvarpsgjald.

Fjölskyldur með tvær fyrirvinnur (skattgreiðendur), sem greiða útlagsgjald, standa betur af því að þær fá 2.000 kr. minni persónuafslátt en þurfa ekki að greiða 2.408 kr. útlagsgjald.

Fjölskyldur með þrjár eða fleiri fyrirvinnur (skattgreiðendur), sem greiða útlagsgjald standa verr af því að persónuafsláttur þeirra lækkar samanlagt um 3.000 kr. eða meira. Það er svo verðug spurning hvort eðlilegt sé að fjölskylda með svo margar fyrirvinnur borgi það sama fyrir sjónvarp og einstaklingur sem býr einn.

Fjölskyldur eða einstaklingar sem ekki greiða skatt sökum lágra tekna hagnast á þessari breytingu því þeir greiða útlagsgjald núna, sem fellur niður.

Fjölskyldur sem ekki hafa sjónvarp koma verr út úr þessari breytingu af því að persónuafsláttur þeirra lækkar um 1.000 kr. á hvern vinnandi mann í fjölskyldunni en þær greiða ekkert útlagsgjald.

Þeir sem koma sér hjá greiðslu útlagsgjalds nú (9,1% notenda) tapa að sjálfsögðu á breytingunni en það mun flestum þykja sjálfsagt.

Fyrirtæki og stofnanir græða á breytingunni af því að fyrirtæki hafa ekki persónuafslátt og stofnanir greiða ekki tekjuskatt en losna við að greiða útlagsgjaldið.

#### Um 18. og 19. gr.

Gert er ráð fyrir að lögin taki gildi þegar við samþykkt. Þá yrði strax hægt að fara að undirbúa stofnun hlutafélags sem stofna ætti 1. júlí 2004 og selja ætti fyrir árslok 2004 en þann dag ættu að falla úr gildi lög nr. 122/2000, um Ríkisútlagsgjald, og þar með álagning og innheimta útlagsgjalds. Þó er gert ráð fyrir að þau ákvæði gildandi laga um Ríkisútlagsgjald sem fjalla um innheimtu á útlagsgjaldi í vanskilum haldi gildi sínu til ársloka 2008, en þá eru gjöldin fyrnd, til að tryggja að sá innheimtuferill sem þar er lýst haldi áfram í eðlilegan tíma eftir breytinguna sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Ríkissjóður er að sjálfsögðu eigandi þeirra krafna en mun greiða Ríkisútlagsgjald hf. hæfilega þóknun fyrir innheimtu þeirra.

Gert er ráð fyrir að hinn 1. janúar 2005 taki hlutafélagið yfir rekstur Ríkisútlagsgjalds en útlagsráð geri einkasamning við hlutafélagið um rekstur fyrir alla fjárveitingu ársins 2005. Fyrir árslok 2005 geri útlagsráð einkasamning við Ríkisútlagsgjald hf. fyrir  $\frac{2}{3}$  fjárveitingar ársins 2006 en bjóði afganginn út og Ríkisútlagsgjald hf. geti boðið í þau verk sem aðrir. Fyrir árslok 2006 geri Útlagsráð einkasamning við Ríkisútlagsgjald hf. fyrir  $\frac{1}{3}$  fjárveitingar ársins 2007 en bjóði afganginn með sama hætti út. Eftir það verði öll verk boðin út.

*Viðauki:*

#### Tímaáætlun

Apríl 2004	Frumvarp samþykkt.
1. júlí 2004	Hlutafélag, RÚV hf., stofnað.
Fyrir árslok 2004	Útlagsráð skilgreinir verkefni og vinnur fjárhagsáætlun fyrir 2005. Gerir samning við RÚV hf. um framkvæmd allra verkefna þess árið 2005.
Fyrir árslok 2004	Útlagsráð fer á fjárlög fyrir 2005.
Fyrir árslok 2004	RÚV hf. gerir samning við og ræður starfsmenn RÚV. Fær leyfi til útlagsrekstrar skv. 6. gr.
Fyrir árslok 2004	RÚV hf. selt.
1. janúar 2005	Innheimta útlagsgjalds hættir en RÚV hf. tekur að sér innheimtu ógreiddra útlagsgjalda út árið 2008 gegn innheimtuþóknun. Um

leið verður persónuafsláttur lækkaður um 1.000 kr. á mánuði fyrir einstakling en 2.000 kr. á mánuði fyrir hjón eða sambýlisfólk eða 12.000 / 24.000 kr. á ári.

1. janúar 2005 RÚV hf. tekur yfir réttindi og skyldur RÚV og sinnir öllum verkefnum sem eru á ábyrgð útvarpsráðs.
- Fyrir árslok 2005 Útvarpsráð vinnur fjárhagsáætlun fyrir 2006 og gerir samning við RÚV hf. um framkvæmd  $\frac{2}{3}$  verkefna þess árið 2006. Býður út  $\frac{1}{3}$  verkefna fyrir 2006.
- Fyrir árslok 2005 Útvarpsráð fer á fjárlög fyrir 2006,  
Fyrir árslok 2006 Útvarpsráð vinnur fjárhagsáætlun fyrir 2007 og gerir samning við RÚV hf. um framkvæmd  $\frac{1}{3}$  verkefna þess árið 2007. Býður út  $\frac{2}{3}$  verkefna fyrir 2007.
- Fyrir árslok 2006 Útvarpsráð fer á fjárlög fyrir 2007.  
Hvert ár eftir 2006 Útvarpsráð vinnur fjárhagsáætlun og býður út öll verkefni fyrir næsta ár og fær fjárveitingu til þess á fjárlögum hvers árs.